



# Mikilvægi EES fyrir atvinnulífið


Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs

Davíð Þorláksson, forstöðumaður samkeppnishæfnissviðs

# Aukið frelsi – bætt lífkjör


## Fátækt og umfang alþjóðaviðskipta

Hlutföll




## Samband viðskiptafrelsis og velmegunar

Viðskiptafrelsi og landsframleiðsla á mann



Ísland er lítið eyland í miðju Atlantshafi. Í því felast bæði takmarkanir og tækifæri. Lífsgæði Íslendinga byggja að stórum hluta á utanríkisviðskiptum.



Ísland er aðeins dropi í hafið: Tækifærin eru víða.

Evrópusambandið

Norður-  
löndin


Ísland  
•

# Ísland aðili að innri markaði Evrópu frá árinu 1994

1994

Ísland var eitt af **18 stofnríkjum** Evrópska efnahagssvæðisins. Það náði til 12 ríkja ESB og 6 EFTA ríkja.

- **Tollalækkun.** Aðildin lækkaði tolla á íslenskum útflutningi til ríkja svæðisins.<sup>1</sup>
- **Samræmdar viðskiptareglur.** Auðvelduðu nýjum fyrirtækjum að hasla sér völl utan heimamarkaðar. Reglurnar voru auk þess frjálslægri en þær sem fyrir voru.
- Samningurinn náði ekki til búvara.



<sup>1</sup>Tollar féllu niður á iðnaðarvörum en í staðinn voru lögð á vörugjöld.

# Ísland aðili að innri markaði Evrópu frá árinu 1994

1994


Ísland var eitt af **18 stofnríkjum** Evrópska efnahagssvæðisins. Það náði til 12 ríkja ESB og 6 EFTA ríkja.

- **Tollalækkun.** Aðildin lækkaði tolla á íslenskum útflutningi til ríkja svæðisins.<sup>1</sup>
- **Samræmdar viðskiptareglur.** Auðvelduðu nýjum fyrirtækjum að hasla sér völl utan heimamarkaðar. Reglurnar voru auk þess frjálsgri en þær sem fyrir voru.
- Samningurinn náði ekki til búvara.

2019

Með útvíkkun fríverslunarsvæðisins samhliða fríverslunarsamningum og stækkun Evrópusambandsins hefur markaðssvæðið stækkað. Það nær nú til **28 ríkja** - 24 ríkja ESB og 4 annarra.

- Ísland hefur samið um tollalækkanir á búvörum og tollfrjálsa kvóta.



<sup>1</sup>Tollar féllu niður á iðnaðarvörum en í staðinn voru lögð á vörugjöld.

## Frá því að Íslendingar gengu inn í EES samstarfið hefur...




... verg landsframleiðsla á mann næstum því **tvöfaldast**.

... kaupmáttur heimila næstum því **tvöfaldast**.

... verðmæti útflutnings á mann **þrefaldast** á föstu verðlagi.

## Ísland er í dag ein ríkasta þjóð heims með...



... **önnur hæstu** meðallaun meðal ríkja OECD.

... **þriðju hæstu** lágmarkslaun meðal ríkja OECD.

... **mesta** tekjufjöfnuð meðal ríkja OECD.

## Fjórfrælsi snýst um frjálst flæði...

- 1 Fólks
- 2 Þjónustu
- 3 Fjármagns
- 4 Vöru



# Fólk. Fólksflutningar til og frá landinu jafna sveiflur sem hefur jákvæð áhrif á íslenskt efnahagslíf. Fylgni hagvaxtar og fólksflutninga hefur aukist til muna frá inngöngu Íslands í EES.

1

## Evrópskur vinnumarkaður


Ríkisborgarar aðildarríkja innri markaðarins hafa rétt til að stunda nám eða starfa í öðru EES ríki með flestum þeim réttindum sem ríkisborgarar viðkomandi ríkis njóta.

- **Aukin sveiflujöfnun.** Aukið fylgni aðflutts og brottflutts vinnuafls við aðstæður í hagkerfinu.
  - Minni spennan á vinnumarkaði í uppsveiflu.
  - Minna atvinnuleysi í niðursveiflu.
- **Innflutt þekking og reynsla.** Innlendir aðilar tileinka sér þekkingu og nýjungar að utan.
- **Útflutt þekking og reynsla.** Innlent vinnuafl hefur tækifæri til að starfa erlendis.

**Í núverandi uppsveiflu hafa 80% aðfluttra umfram brottflutta erlendra ríkisborgara komið frá EES.**

## Hagvöxtur og hlutfall erlendra ríkisborgara sem flýst til og frá landinu

- %, árleg breyting



— Erlendir ríkisborgarar, aðfluttir umfram brottflutta í % af mannfjölda (h.ás)  
— Hagvöxtur (v.ás)

**Þjónusta.** Samræmdar reglur jafna samkeppnishæfni fyrirtækja. Frjálst flæði þjónustu stuðlar að auknum tækifærum, aukinni samkeppni og aukinni fjölbreytni.

2

### Frjáls þjónustustarfsemi

Frelsi sem byggir á staðfesturéttinum; réttinum til að hefja og stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi og fyrirtækjarekstur í öðrum EES ríkjum.

- **Aukin tækifæri.** Samræmdar viðskiptareglur á EES auðvelda fyrirtækjum að hasla sér völl utan heimamarkaðar.
- **Aukin samkeppni.** Samræmdar viðskiptareglur sem voru frjálslægri ýttu undir aukna samkeppni. Ýtir undir áhuga erlendra fyrirtækja að starfa á heimamarkaði. Náttúruleg einokun á símamarkaði og rafmagnsframleiðslu aflétt samfara samningi.
- **Aukin fjölbreytni.** Á bæði heimamarkaði fyrir neytendur en einnig fjölbreytni í formi útflutnings.

**Allar sérreglur fæla erlend fyrirtæki frá.**

Vegur þungt fyrir smáríki eins og Ísland.



# Fjármagn. Rúm 60 ára gömul gjaldeyrishöft afnumin þegar Ísland gekk í EES. Opnir fjármagnsmarkaði stuðla að lægra vaxtastigi, aukinni fjárfestingu og bættum lífskjörum.

3

## Frjálsir fjármagnsflutningar

Frjálst flæði fjármagns í eigu þeirra sem búsettir eru innan EES. Mismunurinn er óheimil byggð á ríkisfangi, búsetu eða því hvar fjárfest er.


- **Aukin verðmætasköpun.** Frjálst flæði fjármagns stuðlar að lægra vaxtastigi, aukinni fjárfestingu og verðmætasköpun og bættum lífskjörum.
- **Fámenn ríki eiga sérstaklega mikið undir.** Í ríkjum þar sem markaðir eru grunnir og einsleitir er mikilvægt að fjármagnsmarkaðir séu opnir. Eykur framboð fjármagns og stuðlar að lægri grunnvöxtum á skuldabréfamarkaði og þar með lækkar fjármagnskostnað heimila og fyrirtækja.

**Íslendingar þvingaðir úr höftum 1994.** EES færði Íslendinga úr 60 ára gömlum gjaldeyrishöftum.

**Íslendingar fengu tímabundna undanþágu á árinu 2008** til að beita fjármagnshöftum, þau voru hér við lýði í rúmlega 10 ár.

## Langtíma raunvextir yfir 30 ára tímabil

- frá 1988-2018



# 4. janúar 1994. Frjáls gjaldeyrisviðskipti eftir rúmlega 60 ár fengu litla athygli á forsiðum blaðanna. Auglýsingar tóku hins vegar strax við sér.



Mikið umrói í s-afrískum s  
**Frammám ANC til lið Þjóðarflok**

SÍMI 631600  
**Tíminn** Stakkholt 4  
Inngangur frá Brautarholti  
STOFNADUR 1917  
Þriðjudagur 4. janúar 1994  
1. tölublað 1994

**Ótti við verkfall**

Um 5 þúsund sjómenn í verkfall og

**ALPÝÐUBLAÐIÐ**



**Plís**

Ótti við verkfall

**GULL OFAN Á GULL TIL HANDA BJÖRKU**  
Ensku stórbliðin sammála um að Björk er toppurinn í poppinu á árinu 1993



**Blóðugir barar í Afganís**

**Engar framkvæmdir á Korpúlfsstöðum**

**TÍM**  
Nýtt ógálfélag Tímanna hf. hefur tekið við rekstri dagblaðsins Tímanna.

**Ekkert lækkar nema smjöríð**  
— við lækku virðisaukaskatts á matvælu

**Vilja sjómanna lista við næstu kosningar**

## VILT ÞÚ EIGNAST HLUT Í DEUTSCHE BANK AG?

### Fjárfestingarfélagið Skandia greiðir götu þína á alþjóðlegum verðbréfamarkaði

Fjöldmargir viðskiptavinir Fjárfestingarfélagisins Skandia hf. hafa þegar kynnt því hversu einfalt það er að fjárfesta hluta eigna sinna í erlendum verðbréfum. Flestir þeirra hafa fengið raun-ávöxtun sem er verulega umfram það sem gerist og gengur hér heima. Jafnframt hafa þeir náð betri og skynsamlegri áhættudreifingu á sparifé sitt þar sem þeir treysta ekki lengur eingöngu á verðgildi íslensku krónunnar.

Þú þarft ekki endilega að kaupa hlut í Deutsche Bank eða áþekki fyrirtæki til að fjárfesta áhættumunandi verðbréfasjóða, þar sem áhætta er í lágmarki.

T.d. er það markmið sumra verðbréfasjóða að fjárfesta einungis í öruggum verðbréfum, svo sem ríkisbréfum á meðan aðrir leitast við að ná hátri ávöxtun með fjárfestingu í efnilegum fyrirtækjum.

Fjárfestingarfélagið Skandia er umboðsaðili fyrir ýmis eignaumsylufélag sem njóta mikils trausts á heimsmarkaði og bjóða þau öll sjóði með góðri áhættudreifingu.

Ráðgjafar Skandia aðstoða þig frjállega við að finna rétta verðbréfasjóðinn fyrir þig.



**Vörur.** Útflutningur til ríkja innan EES hefur aukist frá stofnun þess og er nú um 80%. Útflutningur sjávarafurða og afurðir orkufreks iðnaðar veða þar hlutfallslega þyngst.


4

### Frjálsir vöruflutningar

Frjáls viðskipti eru með vörur á innri markaðinum. Óheimilt er að leggja tolla eða önnur gjöld á vöruflutninga sem samningurinn nær yfir. Aðildarríkin hafa auk þess samræmt margvíslegar reglur til að auðvelda frjáls vöruviðskipti


### Útflutningur Íslendinga til EES eftir afurðum 2018

- hlutfallleg skipting




### Útflutningur Íslendinga á vörum til ríkja innan EES og Bandaríkjanna

- útflutningsverðmæti á verðlagi 2016



# Tækifæri og náttúrulegar hindranir. Umfang utanríkisviðskipta er meiri hjá minni ríkjum en stærri. Tækifæri eru til að opna frekar fyrir erlend viðskipti.

Mannfjöldi og utanríkisviðskipti 2011-2017



Haftasaga Íslendinga spannar marga áratugi

Dæmi um höft á Íslandi,

- Verslunarhöft frá árinu 1931-1960
- Gjaldeyrishöft frá árinu 1931-1994
- Fjármagnshöft: 2008-2019

Tilkoma EES þvingaði þjóðina til að losa um höft fyrir 25 árum. Sú breyting skilaði sér í bættum lífskjörum. Nýverið voru höft losuð á innflæði fjármagns. Enn eru tækifæri til að fjarlægja innflutningshömlur.



**Náttúruleg hindrun.** Landfræðileg lega mun ávallt leiða til aukins flutningskostnaðar.



**Tækifæri.** Draga enn frekar úr hindrunum á innflutningi, sér í lagi á landbúnaðarafurðum.

## Lagaumgjörð atvinnulífsins



- Stór hluti er EES-reglur



- Allra hagur að atvinnulífið búi við skýrar og góðar reglur



- Of íþyngjandi reglur => hærri kostnaður => minni samkeppnishæfni => færri störf, hærra verðlag, minna svigrúm til launahækkana og lægri skatttekjur



- Samræmdar reglur jafna samkeppnishæfni



- Gæði löggjafar meiri

**EES samningurinn hafði upphaflega lítil bein áhrif á innflutning til Íslands. Í stað tolla voru sett á vörugjöld því voru áhrif á tekjur ríkissjóðs minniháttar. Vörugjöld voru afnumin 20 árum síðar.**

Ísland er fyrsta landið sem dregið er fyrir EFTA-dómstól-inn. Það er gert vegna kæru sem Eftirlitsstofnunin ESA fékk frá samtökunum Ís-lenskri verslun í ársbyrjun 1994, við gildistöku EES-samningsins. Kaupmenn telja vörugjöld ósamrýman-leg þeim skuldbindingum sem Ísland hefur gengist undir á Evrópska efnahags-svæðinu og kærðu til Eftir-litsnefndarinnar, sem aftur kærði til EFTA-dómstólsins. Ný lög um vörugjöld á Ís-landi sem eiga að ganga í gildi 1. júlí næstkomandi, hafa ekki fengið grænt ljós frá Evrópu. Dómsmálið hef-ur ekki verið afturkallað.

*Tíminn, 19. júní 1996*

## Takmarkanir á innflutningi óleyfilegar

© 11.10.2018 - 15:56 Dóms- og lögreglumál · Innlent · Ney



## Kynnir afnám vörugjalda í haust

© 20.06.2014 - 15:18 Efnahagsmál · Innlent · Stjórnsmál · Viðskipti



### Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru. Frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

#### I. KAFLI

Breytingar á lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

1. gr. laganna orðast svo:

1. gr. laganna orðast svo: 1. gr. laganna orðast svo: 1. gr. laganna orðast svo:

1. mgr. laganna orðast svo: 2. gr. laganna orðast svo: 3. gr. laganna orðast svo:

Við 1. mgr. 10. gr. laganna bætist nýr staflíður sem verður f-liður og orðast svo: Hráar og lítt saltaðar sláturafurðir, bæði unnar og óunnar, hrá egg, ógerilsneydd mjólk og mjólkurafurðir sem eru upprunar í ríkjum sem ekki eru samningsaðilar að samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði, Sviss, Grænlandi eða Færeyjum. Ráðherra er heimilt með reglugerð að fela Matvælastofnun að leyfa innflutning á þessum vörum og setja þau skilyrði sem nauðsynleg eru til að tryggja að búfé stafi ekki hætta af slíkum innflutningi.

#### II. KAFLI

Breytingar á lögum nr. 93/1995 um matvæli.


Við 8. gr. a laganna bætist ný málsgrein er verður 5. mgr. og orðast svo: Óheimilt er að dreifa ómeðhöndluðum sláturafurðum alifugla á markaði nema sýnt sé fram á gagnvart opinberum eftirlitsaðilum að staðfest hafi verið með sýnatöku á eldistíma að ekki hafi greinst kampýlóbakter í fuglunum. Nánar skal skilgreina í reglugerð hvað felst í meðhöndlun í skilningi ákvæðisins. Stjórnandi matvælafræðingis sbr. 8. gr. b skal leggja



# EES er mikilvægasti markaður íslenskra útflutningsfyrirtækja. 80% útflutnings fer til EES.

## Útflutningur frá Íslandi árið 2016

Hlutfallsleg skipting milli landa



Ríki innan ESB/EFTA

80%



Ríki utan ESB/EFTA



20%

# Tollfríðindi Íslands. Utan EES og án tollfríðinda væri árlegur kostnaður ríflega 30 milljörðum króna hið minnsta.

Ef Íslendingar myndu ekki njóta þeirra tollfríðindi sem fylgja EES og tvíhliða samingi við ESB þá væru tollar af útflutningi til innri markaðar Evrópu skv. samþykktum WTO (MFN).

## Vegnir meðaltollar 2018


- m.v. útflutning Íslendinga til EES árið 2018<sup>1</sup>

	EES	WTO
	0%	4%
	1%	12%

<sup>1</sup>Áætlun miðað við óbreytt magn

## Útflutningsverðmæti til EES og mögulegar tollagreiðslur

- ma.kr., FOB




## Til umhugsunar. Vaxandi verndarhyggja er áhyggjuefni. EES samningurinn er að einhverju leyti vörn gegn slíkri þróun.

- Frjáls viðskipti vænka hag þjóða – stuðla að aukinni samkeppni, hvetja til nýsköpunar, hagkvæmari nýtingar framleiðsluþátta og aukinnar framleiðni.
- Ísland er smáriki – lítið, opið og einhæft hagkerfi. Hindranir í frjálsum alþjóðlegum viðskiptum geta því komið sér mjög illa fyrir efnahag þjóðarinnar.
- Vaxandi verndarhyggja er sérstakt áhyggjuefni fyrir lítið land eins og Ísland sem byggir hagsæld sína á sterkum útflutningsgreinum.
- **EES samningurinn er að einhverju leyti vörn gegn þeirri verndarhyggju** með þeim reglum og því frelsi sem felst í samningnum.

### Innleiðing G20 ríkja á viðskiptaþvingunum eða viðskiptafrelsi

- fjöldi innleiddra aðgerða á hverju ári



## Betur má ef duga skal. Tryggja þarf betri innleiðingu

1

**Nýta þekkingu atvinnulífsins.** Íslenska ríkið hefur ekki haft bolmagn til að koma mikið að undirbúningi löggjafar hjá ESB á fyrri stigum. Nýta mætti betur sérfræðinga í atvinnulífinu til þess.

2

**Vinna áfram á innleiðingarhalla.** Tekist hefur að vinna talsvert á innleiðingarhalla síðan 2013, en við eigum nokkuð í að ná Norðmönnum.

3

**Ekki ganga lengra en gerðirnar krefja.** Lögbinda að ekki verði farið umfram lágmarkskröfur, gildissvið verði ekki víðtækara og allar ívilnandi undanþágur verði nýttar. Verði vikið frá því skuli vekja sérstaka athygli á því og rökstyðja.

4

**Ekki bæta séríslenskum kröfum við.** Lögbinda að allar kröfur sem fyrir eru verði afnumdar við innleiðingu nýrra EES reglna og auknum kröfum verði ekki bætt við nema vakin sé sérstök athygli á því og það rökstutt.

## Mikilvægi EES fyrir atvinnulífið. Aukið frelsi – aukin viðskipti – betri löggjöf.

1

**Aukið frelsi.** Íslendingar voru nánast þvingaðir til að afnema rúmlega 60 ára gömul höft, og aftur nú á árinu 2019. Frelsi í viðskiptum með vörur, þjónustu og fjármagn skapar tækifæri og eykur samkeppni.

2

**Viðskipti opnuð á stærri markað.** Þegar tollar og aðrar viðskiptahindranir opnast þá aukast viðskipti. Fyrir smáþjóðir skipta viðskiptasamningar meira máli en hjá fjölmennari þjóðum.

3

**Íslenskur vinnumarkaður hluti af hinum evrópska.** Frjáls för vinnuafls stuðlar að því að íslenskur vinnumarkaður stækkar og verður hluti af hinum evrópska.

4

**Betri löggjöf.** Samræmdar reglur eru einkum mikilvægar fyrir smáriki eins og Ísland. Allar sérreglur fæla erlend fyrirtæki frá. Gæð löggjafar hafa einnig orðið meiri.

